


Útgáfa 1.0
19.04.2024

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta fyrir höfuðborgarsvæðið



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
Ríkislögreglustjóri

**Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta fyrir
höfuðborgarsvæðið**

**Unnin af almannavarnanefnd
höfuðborgarsvæðisins, ríkislögreglustjóra,
lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu,
svæðisstjórn á svæði 1, Rauða krossinum á
Íslandi, Landspítala og Slökkviliði
höfuðborgarsvæðisins.**

**Athugasemdir við áætlunina skal senda til
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, fyrir hönd
almannavarnanefndar
höfuðborgarsvæðisins:
almannavarnir@shs.is**

EFNISYFIRLIT — KAFLASKIPTI

1.	Inngangur	6
2.	Staðhættir	7
2.1	Umdæmið.....	7
2.2	Váin.....	8
2.3	Áhrif jarðskjálfta	8
2.4	Mannvirki.....	9
2.5	Þættir sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna stórra jarðskjálfta.....	9
3.	Skilgreiningar	10
3.1	Virkjun	10
3.2	Almannavarnastig.....	10
3.3	Afboðun	10
4.	Boðun	11
4.1	Óvissustig.....	11
4.2	Hættustig.....	11
4.3	Neyðarstig	12
5.	Stjórnkerfi	13
5.1	Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins	13
5.2	Aðgerðastjórn (AST)	14
5.3	Verkþáttaskipurit fyrir Aðgerðastjórn	16
5.4	Vettvangsstjórn (VST)	17
5.5	Verkþáttastjórar	18
5.6	Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn	20
5.7	Samhæfingarstöð (SST)	21
5.8	Fjölmiðlar — upplýsingahópur	22
5.8.1	Upplýsingagjöf út á við	23
5.8.2	Tilkynningar til almennings.....	23
6.	Starfssvæði	25
6.1	Móttökustaður bjarga/MÓT.....	26
6.2	Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB).....	27
6.3	Slysstaður	28
6.4	Söfnunarsvæði slasaðra (SSS).....	29
6.5	Söfnunarsvæði látinna (SSL)	30
6.6	Gæslustörf á vettvangi	31
6.7	Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)	32
6.8	Fjöldahjálparstöð.....	33
6.9	Talning/skráning.....	34
7.	Ástandskönnun svæða	35
8.	Verkefni viðbragðsaðila	36
8.1	NEYÐARLÍNAN 112	37
8.2	ALMANNAVARNAEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA.....	38
8.3	SAMHÆFINGARSTÖÐ.....	39
8.4	AÐGERÐASTJÓRN	40
8.5	VETTVANGSSTJÓRN	41
8.6	LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	42
8.7	SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS	43
8.8	LANDSPÍTALI	44
8.9.1	LANDHELGISGÆSLAN – Stjórnstöð LHG	45
8.9.2	LANDHELGISGÆSLAN – Bjargir LHG.....	45
8.10	RAUÐI KROSSINN.....	46
8.11	SAMRÁÐSHÓPUR UM ÁFALLAHJÁLP Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	47
8.12	Isavia.....	48

8.13 BJÖRGUNARSVEITIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.....	49
8.14 SVÆÐISSTJÓRN BJÖRGUNARSVEITA Á SVÆÐI 1.....	50
8.15 LANDSSTJÓRN BJÖRGUNARSVEITA	51
8.16 VEÐURSTOFAN	52
8.17 VEGAGERÐIN	53
8.18 HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS	54
8.18 KENNSLANEFND RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA.....	55
8.19 NEYÐARSTJÓRNIR SVEITARFÉLAGANNA	56
9. Skipulag fjarskipta.....	57
10. Kort	59
11. Þjóðvegir innan höfuðborgarsvæðisins	60
12. Dreifingarlisti	61
13. Breytingasaga	61
14. Viðaukar	62
Viðauki 1. Húsnæði.....	62
Viðauki 2. Fjöldahjálparstöðvar.....	63
Viðauki 3. Heilsugæslustöðvar	64

Skammstafanir

ACC	Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík
AVD	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
AHS	Aðhlyningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn
AVN	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
FHS	Fjöldahjálparstöð
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
HH	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
IL	Innri lokun
JRCC	Landhelgisgæslan stjórnstöð
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LRH	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
LP	Lendingarsvæði fyrir þylur
Mhz	Megahertz
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RNSA	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálpar
SÁBF	S tjórnun – Á ætlun – B jargir – F ramkvæmd
SHS	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
SL	Slysavarnafélagið Landsbjörg
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöð
SSÚ	Söfnunarsvæði útsettra
TWR	Flugturn: bygging, starfsstöð flugumferðarþjónustu, ýmist flugturns eða flugupplýsingaþjónustu
VHF	Very High Frequency
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
YL	Ytri lokun

1. Inngangur

Viðbragðsáætlunin segir til um skipulag, undirbúning og stjórnun aðgerða í kjölfar jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu á almannavarnastigum. Hún er unnin í umboði almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og í samvinnu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 1, fulltrúa Rauða krossins á Íslandi, fulltrúa Landspítalans og í samráði við ríkislögreglustjóra. Allir viðbragðsaðilar og aðrir sem nefndir eru í áætluninni voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð viðbrögð vegna jarðskjálfta og að þolendum berist nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Í samvinnu við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber lögreglustjóri ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman ásamt almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins að uppfærslum og lagfæringum á henni. Ritstjórn er á ábyrgð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. fjögurra ára fresti en boðunaráætlun hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega. Þegar áætlun er virkjuð vegna slyss og/eða æfingar þarf að yfirfara hana í kjölfarið.


Á sama hátt skulu lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og aðrir viðbragðsaðilar í samvinnu við Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Einnig skulu viðbragðsaðilar stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.


Allar starfseiningar sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um hvernig þær leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.


Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF (Stjórnun, Áætlun, Bjargir og Framkvæmd) vegna aðgerða á slysavettvangi.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög nr. 82/2008 um almannavarnir, 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996, 2. grein brunavarnalaga nr. 75/2000, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og reglugerð um gerð viðbragðsáætlana nr. 323/2010.

Reykjavík 19.04.2024


Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu


Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins


Ríkislögreglustjóri


Framkvæmdastjóri almannavarnanefndar hbs

2. Staðhættir

2.1 Umdæmið

Umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins nær frá botni Hvalfjarðar í norðri og suður fyrir Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar auk Krýsuvíkur. Sveitarfélögin á svæðinu eru Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes.

Svæðið er u.þ.b. 1.062 ferkílómetrar að stærð.

Stærstu þéttbýlisstaðir í ferkílómetrum: Reykjavík 273 km², Seltjarnarnes 2 km², Kópavogur 113 km², Garðabær 39 km², Hafnarfjörður 144 km², Mosfellsbær 197 km² og Kjósarhreppur 288 km².

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir starfar ein almannavarnanefnd í umdæminu. Hún ásamt lögreglustjóra vinnur að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með stjórn aðgerða við leit og björgun, svo og í almannavarnaástandi innan umdæmisins.

Aðgerðastjórnstöð er staðsett í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14 í Reykjavík en til vara í lögreglustöðinni Hverfisgötu 113.

Á korti í viðauka 13.2 eru upplýsingar um fjölda íbúa eftir hverfum, sjúkrahús, fjöldahjálparstöðvar, heilsugæslustöðvar, dvalarheimili, skóla og íþróttahús.


Vegakerfið í umdæminu er með bundnu slitlagi. Meðal helstu vega eru Vesturlandsvegur, Suðurlandsvegur, Reykjanesbraut, Þingvallavegur og Krýsuvíkurvegur.

Byggðakjarnar á höfuðborgarsvæðinu (samkvæmt Þjóðskrá Íslands janúar 2024)

Staður:	Íbúatala
Reykjavík:	143.658
Kópavogur:	40.619
Hafnarfjörður:	31.574
Garðabær:	19.549
Mosfellsbær:	13.826
Seltjarnarnes:	4.714
Kjósarhreppur:	285
Samtals:	254.225


2.2 Váin

Sterkir jarðskjálftar sem hafa áhrif á höfuðborgarsvæðið eiga upptök sín einkum á brotabeltum Suðurlands og Reykjaneskaga, sjá mynd hér fyrir neðan. Jarðskjálftar á brotabelti Suðurlands eiga sér stað á þvergengjum sem liggja norður - suður, en á Reykjanesi verða jarðskjálftar á siggengjum og þvergengjum. Sterkir jarðskjálftar á siggengjum eiga sér stað í gliðnunarátburðum í tengslum við eldvirkni, sem talin er afar hviðótt á þúsund ára tímakvarða. Þess á milli eru jarðskjálftar á þvergengjum ráðandi á Reykjanesi þegar um sterka skjálfta er að ræða, og auk þess verða stærstu skjálftar jafnan stærri á þvergengjum heldur en við gliðnun.



Mynd 1. Upptök þekktra sterkra skjálfta á Suðvesturlandi eru á brotabeltum Suðurlands og Reykjaneskaga

Sprungur í nágrenni höfuðborgarsvæðisins liggja í sprungusveimi eldstöðvakerfisins sem kennt er við Krýsuvík. Virkni á sprungunum er talin afar hviðótt á þúsund ára tímakvarða, og þá í tengslum við eldvirkni á Reykjaneskaga. Þessi virkni er því ekki talin afgerandi fyrir jarðskjálftahættu á höfuðborgarsvæðinu. Á mynd 2. sjást sýnilegar og þekktar sprungur á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 2. Sýnilegar og þekktar sprungur á höfuðborgarsvæðinu

2.3 Áhrif jarðskjálfta

Sterkir jarðskjálftar á brotabeltum Suðurlands og Reykjanes eru ráðandi hvað varðar jarðskjálftahættu á höfuðborgarsvæðinu. Þar kemur tvennt til:

- Hámarksstærðir jarðskjálfta á Reykjaneskaganum og Suðurlandi eru taldar breytilegar, allt frá $\sim M_w 5.5$ til 7.0 frá Reykjanestá til austast á Suðurlandi.

- Yfirborðshreyfingar jarðskjálfta vaxa með jarðskjálftastærð, en á móti dvína þær afar hratt með aukinni fjarlægð frá upptökum. Stysta fjarlægð höfuðborgarsvæðisins í jarðskjálftasvæðin liggur á bilinu ~12–100 km. Stærsti og nálægasti jarðskjálftinn er talinn vera ~ M_w 6.5 í um 12–25 km stystu fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu (svæðið sem kennt er við Brennisteinsfjöll).

Skjálftasviðsmyndir sýna að mesta yfirborðshröðun sem búast má við á höfuðborgarsvæðinu liggur líklega á bilinu 9–25% af þyngdarhröðun jarðar (g) og þá vegna jarðskjálfta af stærðinni M_w 6.5 í Brennisteinsfjöllum, en það er talin hámarksstærð jarðskjálfta á brotabeltinu sem liggur næst höfuðborgarsvæðinu. Stærri jarðskjálftar verða á Suðurlandi en eru fjær og valda því minni yfirborðshreyfingum. Að sama skapi verða smærri jarðskjálftar vestar á Reykjanesi og hafa því enn minni áhrif.

2.4 Mannvirki

Áhrif yfirborðshreyfingar á mannvirki fara mikið eftir aldri og gerð mannvirkjana, sem og undirlagi. Á móti kemur að tekið hefur verið tillit til þess við hönnun mannvirkja. Hönnunarviðmið mannvirkja á Íslandi m.t.t. jarðskjálfta hafa verið mismikil í gegnum árin eftir þeim byggingarstöðlum sem hafa verið í gildi á hverjum tíma. Viðmiðin hafa styrkst reglulega á undanförunum áratugum eftir því sem þekkingu hefur fleygt fram.

Mestu áhrif slíkra jarðskjálfta eru að meðaltali í kringum gildandi hönnunarviðmið í mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu og því hærrí. Hönnunarviðmið eldri húsa voru þó talsvert lægri en núverandi hönnunarviðmið. Á móti kemur að eldri byggð á höfuðborgarsvæðinu er fjær jarðskjálftaupptökum en nýrri og ytri byggð og áhrifin þar því minni. Reynsla Veðurstofu Íslands í Suðurlandsskjálftum 2000 og 2008 leiddi í ljós að eldri mannvirki sýndu talsverðan styrk umfram þau hönnunarviðmið sem voru í gildi og leiddi það til minna tjóns á burðarvirkjum en búast hefði mátt við. Mestu yfirborðshreyfingar á Suðurlandi þá voru miklum mun meiri (50–90%) en búist er við á höfuðborgarsvæðinu. Frekari upplýsingar um jarðskjálftahönnun samkvæmt Eurocode 8 má sjá hér: https://skemman.is/bitstream/1946/8749/1/thesis_lokautgafa_23052011.pdf

2.5 Þættir sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna stórra jarðskjálfta

Miðað við þær upplýsingar sem nefndar eru hér að ofan eru meiri líkur á því að áhrif á fólk eða eignir verði vegna innanstokksmuna. Ein auðveldasta og árangursríkasta leið til þess að lágmarka tjón í jarðskjálftum er að ganga vel frá innanstokksmunum og innréttingum. Er því mikilvægt að viðbragðsaðilar og almannavarnir kynni forvarnir fyrir almenningi.

Mögulega geta samgöngumannvirki laskast eða skemmst og hafa þarf það í huga þegar beina á fólk á ákveðna staði, svo sem á fjöldahjálparstöð.

[Hér má finna upplýsingar](#) fyrir almenning varðandi það sem gera þarf til að fyrirbyggja tjón innanhúss og eins hvernig eigi að bregðast við jarðskjálfta.

3. Skilgreiningar

3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlunin er virkjuð á öllum almannavarnastigum samkvæmt reglugerð um flokkun almannavarnastiga.

Forsendur virkjunar liggja í samráði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Þannig tilkynnir almannavarnardeild Neyðarlínunni um það stig sem skuli virkja áætlunina á. Þau sem heimild hafa til að virkja áætlunina:

- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Almannavarnadeild

Aðrir viðbragðsaðilar geta óskað eftir því við lögreglustjóra eða Almannavarnadeild að áætlunin verði virkjuð.

Þegar áætlunin er virkjuð eru aðgerðir í umdæminu undir stjórn aðgerðastjóra. Aðgerðastjóri metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

3.2 Almannavarnastig

Alvarleika og umfangi atburða er lýst með almannavarnastigum og litum (reglugerð um flokkun almannavarnastiga, nr. 650/2009).

Alvarleiki:

Viðbragðsáætlun þessa er hægt að virkja á öllum almannavarnastigum, óvissu-, hættu- og neyðarstigi.

Um óvissustig er að ræða:

- Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

Um hættustig er að ræða:

- Þegar hefja þarf eftirgrennslan eftir mönnum sem óttast er um.
- Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum, þó ekki svo alvarlega að um neyðarástand sé að ræða.

Um neyðarstig er að ræða:

- Þegar viðhafa þarf tafarlaus viðbrögð vegna manna sem óttast er um.
- Þegar slys eða hamfarir hafa orðið.

Umfang:

Umfang viðbragðsáætlunarinnar er skilgreint í almannavarnastigunum, óvissustig, hættustig og neyðarstig.

3.3 Afboðun

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tekur ákvörðun um afboðun áætlunarinnar í samráði við aðrar stjórneiningar sem hafa verið virkjaðar (AST og SST).

SST tilkynnir afboðun til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Allar stjórneiningar tilkynna auk þess um afboðun með viðeigandi fjarskiptum til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir. Sérstaklega skal taka fram ef aðeins valdar einingar eru afboðaðar.

4. Boðun

Neyðarlínan 112 annast boðun vegna viðbragðsáætlunarinnar í samræmi við boðunaráætlunina „jarðskjálfti höfuðborgarsvæðið – , óvissustig, hættustig neyðarstig“ eftir beiðni eins af eftirtöldum aðilum: (fjarskiptakerfi geta lamast).

- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Almanavarnadeild

4.1 Óvissustig

Neyðarlínan upplýsir með SMS-boði: "F3, óvissustig, til upplýsinga, ekki reiknað með mætingu í stjórnstöð, frekari upplýsingar eftir þörfum, viðbragðsáætlun fyrir jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu virkjuð".

„Boðunaráætlun jarðskjálfti höfuðborgarsvæðið óvissustig“

Aðgerðastjórn hópur 3

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra — yfirmenn / SMS-vaktsími

Landspítali — yfirmenn bráðamóttöku og framkvæmdastjóri meðferðarsviðs

Landsstjórn björgunarsveita — bakvakt

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Rauði krossinn á Íslandi

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

SST hópur 1

Bakvakt AVD

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1

AST boðar eftir atvikum:

- Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Neyðarstjórnir sveitarfélaganna
- Landhelgisgæsluna stjórnstöð / Boðunarhópurinn Útkallslið LHG
- Björgunarsveitir

4.2 Hættustig

Neyðarlínan boðar með SMS: "F2 hættustig, fulltrúi eininga mæti í AST, viðbragðsáætlun fyrir jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu virkjuð".

„Boðunaráætlun jarðskjálfti höfuðborgarsvæðið hættustig“

Aðgerðastjórn hópur 3

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra — yfirmenn / SMS-vaktsími

Landspítali — yfirmenn bráðamóttöku og framkvæmdastjóri meðferðarsviðs

Landsstjórn björgunarsveita — bakvakt

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Rauði krossinn á Íslandi

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

SST hópur 1 og 2

Bakvakt AVD

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1

AST boðar eftir atvikum:

- Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Neyðarstjórnir sveitarfélaganna
- Landhelgisgæsluna stjórnstöð / Boðunarhópurinn Útkallslið LHG
- Björgunarsveitir

Í 8. kafla eru hlutverk starfseininga í áætluninni tilgreind.**4.3 Neyðarstig**

Neyðarlínan boðar með SMS: "F1, neyðarstig, viðbragðsáætlun fyrir jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu virkjuð".

„Boðunaráætlun jarðskjálfti höfuðborgarsvæðið neyðarstig“

Aðgerðastjórn hópur 3

Björgunarsveitir á svæði 1

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra — yfirmenn / SMS-vaktsími

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Kennslanefnd ríkislögreglustjóra

Landhelgisgæslan stjórnstöð / Boðunarhópurinn Útkallslið LHG

Landspítali — yfirmenn bráðamóttöku og viðbragðsstjórn

Landsstjórn björgunarsveita — bakvakt

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fulltrúar AST

Neyðarstjórnir sveitarfélagana

Rauði krossinn á Íslandi

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

SST hópur 1 og 2

Bakvakt AVD


Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1

Vegagerðin

Í 8. kafla eru hlutverk starfseininga í áætluninni tilgreind.

5. Stjórnkerfi

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins



*Öryggisstjóri, upplýsingar um starf öryggisstjóra er að finna hér fyrir neðan.

5.2 Aðgerðastjórn (AST)

Hlutverk AST er stjórnun aðgerða innan umdæmis jafnt sem í almannavarnaástandi og öðrum aðgerðum. AST starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð (SST).

Stjórn aðgerða á höfuðborgarsvæðinu vegna jarðskjálfta er í höndum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglustjóri skipar aðgerðarstjóra/ vettvangsstjóra.

Stjórn aðgerða felst m.a. í að hafa yfirsýn yfir aðgerðir í umdæminu, samhæfa störf allra viðbragðsaðila og stofnana innan umdæmis, sjá til þess að öllum þáttum aðgerða sé sinnt, samvinnu við vettvangsstjórn/stjórnir og samhæfingarstöð almannavarna og skipulagi björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur orðið.

Í AST höfuðborgarsvæðisins sitja fulltrúar frá:

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
- Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins
- Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1
- Rauða krossinum á Íslandi
- Landspítala
- Almannavarnanefnd
- Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Sérfræðingar/tengiliðir
- Aðrir hlutaðeigandi aðilar

AST mannar störf við eftirtalin verkefni:

- Símsvörun
- Skráningu, almenna ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskipti
- Stöður í SÁBF
- Skipa öryggisstjóra sem fer með heildaryfirsýn öryggismála í aðgerðinni. (*Nýtt verklag, sjá hér neðar*).

Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangs röðun heildaraðgerða innan umdæmis
- Samskipti við VST
- Ákveða staðsetningu MÓT í samráði við VST
- Endurmat á almannavarnastigi og umfangi þess
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins umfram þessa áætlun
- Heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan umdæmis
- Samskipti við heilbrigðisstofnanir innan umdæmisins, heilbrigðisstarfmann í SST og aðhlyningarstjóra
- Samskipti við SST
- Samskipti við fjölmiðla
- Vöktun og birting á samfélagsmiðlum
- Samskipti við SSA
- Samskipti við sveitarfélög þess umdæmis sem í hlut eiga
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila sem tengjast atburðinum
- Tryggja aðkomu kennslanefndar
- Yfirfæra vettvanginn til lögreglu
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuriti fyrir AST
- Samskipti við neyðarstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu eftir þörfum
- Meta þörf á því að virkja heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eða annað húsnæði
- Vera með yfirsýn yfir öryggi starfsfólks í aðgerðinni, hvort sem það er í AST eða á vettvang
- Samskipti við fjöldahjálparstöð FHS

- Kanna stöðuna á samfélagslega mikilvægum innviðum, sjá kafla 7.1
- Fjármál
- Tilnefnir fjölmiðlahóp, sem samanstendur af upplýsingafulltrúum hluteigandi aðila.

Öryggisstjóri AST

Öryggisstjóri ber ábyrgð á áhættustjórnun aðgerðar. Í því felst gerð áhættugreiningar og áhættumats og miðlun til þátttakenda í aðgerðinni. Öryggisstjóri tryggir að á vettvangi séu skipaðir öryggisfulltrúar sem bera ábyrgð á innleiðingu mótvægisáðgerða á vettvangi og verklagsreglum sé fylgt, t.d. um persónulegan varnarbúnað. Öryggisstjóri hefur vald til að stöðva aðgerð telji hann öryggi bjarga ógnað.

Helstu verkefni:


- Vinna hættumat um aðgerðina — innan og utan AST, með sérstöku tilliti til veðurs, mengunar, braks, hrúni, elds o.fl.
- Gæta þess að vinnutími fari ekki umfram viðmið.
- Gæta að ró og vinnufriði í AST.
- Vinna náið með öryggisstjóra/öryggisstjórum sem tilheyrir VST í áætlunum tengdum öryggismálum.

Aðsetur aðgerðastjórnar:

Aðalaðsetur: Björgunarmiðstöðin, Skógarhlíð 14 í Reykjavík

Til vara: Lögreglustöðin á Hverfisgötu 113.

5.3 Verkbáttaskipurit fyrir Aðgerðastjórn



*Öryggisfulltrúa vantar í þetta skipurit, upplýsingar um hann eru að finna hér fyrir neðan.

5.4 Vettvangsstjórn (VST)

Ef þurfa þykir skal skipa vettvangsstjóra til að stýra aðgerðum á vettvangi. Þetta gæti t.d. átt við í þeim tilfellum þegar rýma þyrfti ákveðin svæði, bjarga þyrfti fólki af lokuðum svæðum eða slys yrðu á fólki. Í stærri atburðum geta vettvangsstjórnir orðið nokkrar, bæði svæðistengdar og verkefnatengdar.

AST staðsetur VST í samráði við vettvangsstjóra eftir eðli atburðar til þess að stýra aðgerðum. VST fellur undir framkvæmdir í AST. Heildarstjórn aðgerða á vettvangi samkvæmt áætlun þessari er í höndum vettvangsstjóra í umboði lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn.

Ef samband rofnar við vettvangsstjórnir munu þær taka að sér hlutverk AST, hver á sínu svæði.

Staðsetning VST fer þannig eftir eðli atburða og umfangi.

VST er að jafnaði skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
- Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins
- Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

Mikilvæg verkefni VST eru:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipurit SÁBF, skv. umboði lögreglustjóra
- Að vinna heildarskipulag fyrir vettvang, svo sem staðsetningu MÓT, SSS, biðsvæða og lokana í samráði við verkþáttastjóra og AST
- Að styðja verkþáttastjóra í þeirra störfum
- Að fylgjast með nýtingu bjarga og aðstoðar við ráðstöfun og tilfærslu þeirra
- Sá sem er settur í verkþáttinn „Framkvæmd“ á að vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjóra
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi í samráði við AST
- Skráning í aðgerðagrunn ef við á
- Að tryggja fjarskipti við AST
- Skipa öryggisfulltrúa fyrir vettvang sem vinnur meðal annars hættumat.

Aðsetur vettvangsstjórnar:

Vettvangsstjóri ákveður hverju sinni aðsetur VST. Nýta má t.d. Björninn — stjórnstöðvarbifreið Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Varaaðsetur:

Eftir aðstæðum.

5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar starfseiningar. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóra. Þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði VST.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem sinna hlutverki verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Við slysstað
Aðhlyningarstjóri	Landspítali	Við söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	Hreyfanlegt eftir þörfum
Flutningastjóri	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins/ Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 1	Hreyfanlegt eftir þörfum
Öryggisfulltrúi	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins/ Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 1	Hreyfanlegt eftir þörfum

Við þessar aðstæður getur verið um margs konar vettvang að ræða, því þarf að setja upp vettvangsstjórn fyrir hvern og einn.

Verkefni verkpáttastjóra er að:

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær séu nægjanlegar
- Skipa undirstjórnendur og útteila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á eða við vettvang í samráði við VST og aðra verkpáttastjóra. Hann stýrir leit og björgun og undirbýr björgun á fólki.

Helstu verkefni:

- Leit: Finna og staðsetja þolendur
- Björgun: Stjórna björgunarstörfum, meðferð og umönnun slasaðra á vettvangi
- Bráðaflokkun: Stjórna bráðaflokkun
- Slökkvistarf: Stöðva eða hindra útbreiðslu elds
- Viðbrögð við mengun: Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.

Aðhlyningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra.

Helstu verkefni:

- Að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað
- Áverkamat: Meta ástand sjúklinga með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt.
- Að greina ástand og skrá þolendur
- Meðferð: Að veita þolendum þá umönnun sem möguleg er fram að og við flutning.
- Forgangsröðun: Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hvers konar tækjum og hvaða meðferð á að veita?

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi.

Helstu verkefni:

- Lokun svæða: Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, ytri lokun, vettvangurinn
- Verndun svæða: Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum
- Umferðarskipulag: Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir og almenn umferð
- Talning: Talning og flæði þolenda
- Ástandskönnun svæða: Heimsóknir, skipulega farið á hvert heimili og mikilvæga staði til nánari skoðunar. Fer það eftir umfangi og aðstæðum.
- Hraðkönnun innviða, vegir, brýr, helstu mannvirki, rafmagn, fjarskipti.

- Kallaðir til sérfræðingar til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

Flutningastjóri stjórnar og samhafir starfsemi á MÓT, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd á flutningi slasaðra og óslasaðra, sem og flutningi á farartækjum og öðrum búnaði.

Helstu verkefni:

- Að tryggja að MÓT og biðsvæði séu mönnuð með undirstjórnanda (stjórnandi MÓT og stjórnandi biðsvæðis)
 - Móttaka: Skrá inn í aðgerðina allar bjargir (stjórnandi MÓT) (bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
 - Biðsvæði: Biðsvæði hjálparliðs (BH), biðsvæði flutningstækja (BF), biðsvæði tækja og búnaðar (BTB)
 - Flutningstæki: Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær), stýra nýtingu bjarga. Tæknileg framkvæmd.

Öryggisfulltrúi skipaður af stjórnanda í VST.

Stýrir og fylgist með öryggismálum hópa á vettvangi og tilheyrir VST.

Helstu verkefni:


- Tryggja að hópar á vettvangi séu með viðeigandi öryggisbúnað, svo sem persónuhlífar.
- Taka sérstaklega út staðbundnar hættur á vettvangi.
- Vinna öryggisáætlun fyrir vettvang.
- Vinna náð með öryggisstjóra sem tilheyrir AST í áætlunum tengdum öryggismálum á vettvangi.
- Tryggja flóttaleiðir í aðgerðum á vettvangi.

Undirstjórnendur vinna undir verkþáttastjórum við stjórn ákveðinna verkefna eða vinnusvæða.

Helstu verkefni undirstjórnenda:

- Að fylgja verkþáttastjóra í aðgerðir og sjá t.d. um fjarskipti, stjórna hópum, stýra björgunarfólki við ákveðin verkefni eða vinnusvæði o.s.frv.
- Að stýra fyrirfram skilgreindu verkefni á ákveðnu skilgreindu svæði o.s.frv.
- Undirstjórnendur koma úr hópi lögreglu, SHS eða svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 1.

5.6 Verkbáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöð (SST)

Hlutverk samhæfingarstöðvarinnar er yfirstjórn, aðstoðar milli umdæma og aðstoðar ríkisstofnanir jafnt í almannavarnaástandi og öðrum aðgerðum. Stöðin sér um flutning slasaðra milli umdæma og samhæfingu allra bjarga á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins. Þegar SST er starfrækt koma saman fulltrúar þeirra eininga sem eiga viðbragðsaðila við störf í aðgerðinni eða aðra hagsmunaaðila. Auk þess að sjá um samhæfingu er stöðin ráðgefandi fyrir Aðgerðastjórnir og hefur aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum ef á þarf að halda. Þá sér stöðin um samskipti við erlendar bjargir og aðra aðstoð erlendis frá.

SST er skipuð:

- Deildarstjóra Almannavarnadeildar eða þeim sem hann tilnefnir — **Stjórnandi**
- Starfsfólki Almannavarnadeildar
- Fulltrúum Landsstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúum Rauða kross Íslands
- Fulltrúum frá LSH
- Fulltrúum frá Isavia
- Fulltrúum Landhelgisgæslu Íslands
- Fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Fulltrúa Neyðarlínu 112
- Fulltrúa frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
- Öðrum fulltrúum eftir atvikum frá Veðurstofu, Vegagerðinni, raf- og fjarskiptafyrirtækjum o.fl.

SST stjórnandi skipar fólk í eftirfarandi verkefni:

- Samskipti við fjölmiðla í samstarfi við AST á aðgerðasvæðinu
- Skráningu, almenna ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskipti
- Bjargir
- Framkvæmd
- Áætlanir

Helstu verkefni SST:

- Stjórn, samhæfing og útvegum bjarga úr öðrum umdæmum
- Endurmat á almannavarnastigi og umfangi í samráði við AST
- Samskipti við AST um Tetra-talhópin **Blár SST**
- Virkjun starfseininga utan umdæmisins
- Að kalla saman vísindaráð ef þörf krefur
- Samskipti við heilbrigðisstofnanir utan umdæmis
- Skipulag og virkjun loftbrúar ef þörf krefur
- Samskipti við ríkisstofnanir
- Samskipti við vísindamenn og/eða aðra sérfræðinga
- Að starfrækja þjónustumiðstöð ef við á
- Samskipti við erlend sendiráð og ræðismenn.

Aðsetur samhæfingarstöðvarinnar:

Aðalaðsetur: Björgunarmiðstöðin, Skógarhlíð 14 í Reykjavík

Til vara: Ákvörðun stjórnanda á hverjum tíma.

5.8 Fjölmiðlar — upplýsingahópur

Fjórar meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla:

- AST (stjórnandi aðgerðar)
- Vettvangsstjórn (vettvangsstjóri)
- Samhæfingarstöðin (samhæfing aðgerða)
- Vísindaráð almannavarna

Mikilvægt er að fulltrúar þessara aðila hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur. Samskipti við fjölmiðla eru á ábyrgð aðgerðastjóra.

Fjölmiðlum sem mæta á staðinn skal vísað á öruggan stað þar sem þeir fá upplýsingar og biða þess að komast að slysstað til myndatöku, skv. ákvörðun aðgerðarstjóra hverju sinni.

Hver sinnir: Upplýsingafulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við upplýsingafulltrúa annarra viðbragðsaðila.

Helstu verkefni tengd samskiptum við fjölmiðla eru að:

- Senda fréttatilkynningu til fjölmiðla eins fljótt og auðið er og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir
- Halda uppi virku eftirliti á samfélagsmiðlum
- Ákvarða fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála
- Koma upplýsingum á framfæri til upplýsingaveitna eins og samfélagsmiðla, meðal annars á erlendum tungumálum
- Sé þess kostur skal ákveða stað þar sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

Aðgengi að vettvangi:

Vettvangsstjóri í samráði við aðgerðastjóra tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi á meðan á björgunaraðgerðum og rannsóknarvinnu stendur. Fjölmiðlar sem fá aðgang að slysstað skulu vera í fylgd með fulltrúa vettvangsstjóra og fyllsta öryggis gætt. Tryggt skal að aðkoma fjölmiðla trúfli ekki aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé sýnd fyllsta nærgætni.

5.8.1 Upplýsingagjöf út á við

Aðferðir til að koma upplýsingum áleiðis til fólks

Mikilvægt er að koma upplýsingum til fólks um hvað gerðist og hvað það á að gera.

Upplýsingar sendar til fjölmiðla	Upplýsingar eru sendar á útvarp, sjónvarp, net- og prentmiðla (Svæðið sem um ræðir og hvað fólk á að gera).
SMS sent á síma á jarðskjálftasvæði	Upplýsingar sendar í SMS-boðum í gegnum Neyðarlínu til þeirra sem eru á jarðskjálftasvæði og hvað þau eiga að gera.
Björgunartæki notuð til að koma upplýsingum áleiðis	Með björgunartækjum er átt við þau tæki sem eru með gjallarhorn, kalltæki eða lúðra sem hægt er að fara um ákveðin svæði og nota til að koma upplýsingum áleiðis, hvað fólk á að gera.
Samfélagsmiðlar	Facebook, X og aðrir samfélagsmiðlar viðbragðsaðila, sveitarfélaga og annarra eru notaðir til að koma upplýsingum áleiðis.
Ganga í hús	Ef talið er að upplýsingar berist ekki með öðrum hætti þarf mögulega að safna saman fólki til að ganga í hús ef aðstæður leyfa.
Safetravel	Upplýsingum er komið til ferðamanna, annars vegar í gegnum skjái Safetravel og hins vegar í gegnum tengiliðalista Safetravel.
Umferðin	Með upplýsingum í gegnum umferðarsíðu Vegagerðarinnar umferdin.is

Tafla 1. Aðferðir til að koma upplýsingum áleiðis til fólks.

5.8.2 Tilkynningar til almennings

Vegna rýmingar er upplýsingagjöf samkvæmt rýmingaráætlun.

Í tilkynningum til almennings þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

1. Til hvaða svæðis jarðskjálftasvæðið nær.
2. Hvað á að gera, vera inni, fara út eða eitthvað annað.
3. Hvaða leiðir eru færar af svæðinu ef það á að rýma (hér væri notast við rýmingaráætlun höfuðborgarsvæðisins).
4. Hvert á að fara (Rýmingaráætlun höfuðborgarsvæðisins).
5. Hvert á ekki að fara.
6. Hvaða svæði þarf að rýma og hvaða leið á að fara við rýmingu (Rýmingaráætlun höfuðborgarsvæðisins).
7. Hvar eða hvenær frekari upplýsingar verða aðgengilegar.
8. Leiðbeiningar til þeirra sem hafa getu og áhuga á að aðstoða eða koma til hjálpar.
9. Nágrannahjálp.
10. Börn í skóla, á að rýma, þarf að sækja, mikilvægt að vera með skýr skilaboð til forsjáraðila og skólastjórnenda.
11. Hvernig er með mögulega eftirskjálfta? Mikilvægt að koma upplýsingum um þá og hvað á að gera.

5.9 Loftbrú

Ef þörf er á að flytja marga þolendur með þyrlum eða flugvélum mun SST annast skipulagningu og framkvæmd loftbrúar.

6. Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um þau starfssvæði sem gæti þurft að skipuleggja þegar tekist er á við jarðskjálfta/hópslys. Ljóst er að ef um er að ræða slys þar sem fái eru slasaðir verður ekki þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulagningu og betra er að virkja þau í upphafi og loka þeim síðan ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ákveða í miðri aðgerð hvað eigi að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að skilgreina sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo meginflokka: Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum sem nefnd eru í þessum kafla vísað til Kennslurits í vettvangsstjórn almannavarna ríkisins.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Móttaka bjarga (MÓT)

Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

6.1 Móttökustaður bjarga/MÓT

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning – land: 1) Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningastjóra
2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningastjóra
3) Lendingarsvæði þyrlu samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningastjóra.

Verkbáttastjóri: **Flutningastjóri**

Undirstjórnandi: Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1. Kallmerki: „Stjórnandi MÓT“.

Hverjir sinna:

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1

Verkefni:


- Skráning allra bjarga inn og út af MÓT, tegund sveitar, stærð og kallmerki.
- Að upplýsa vettvangsstjórn og flutningastjóra reglulega um stöðu bjarga.
- Flutningastjóri getur tilnefnt undirstjórnanda MÓT og falið honum að taka alfarið yfir stjórnun á MÓT en flutningastjóri verður samt áfram ábyrgur fyrir ákvörðunum um samhæfingu og nýtingu bjarga.

Kortatákn:

Móttökustaður



Lendingarsvæði þyrlu



6.2 Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)

